



Skóli Ísaks Jónssonar  
Sjálfsseignarstofnun

## **Skólanámskrá SÍJ**

### **Textílmennt – 4. bekkur**

Hver nemandi er í tvær samliggjandi kennslustundir á viku í textílmennt, fyrir eða eftir áramót. Hálfur bekkur er í einu á móti myndlist.

Unnið er með textílefni, s.s. þræði, ull og tau og markvisst stefnt að því að efla sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Börnin fá innsýn í einfaldar grunnaðferðir í textílvinnslu, t.d. hvernig ull breytist við þæfingu, hvernig nota má þræði t.a.m. í vefnaði og fingurprjóni. Þau fá þjálfun í að þræða nálar, binda hnúta og sauma einföld spor í jafa eða tau.

### **Matsviðmið**

#### **Textílmennt**

Kynnast garðapryjóni

Þæft ull.

Saumað út með aftursting og eða varplegg.

Varpað saman efni.

Ofið einfaldan rammavefnað.

Klippt tau.

Saumað á saumavél.

Þrætt nál, bundið hnút, gengið frá endum og snúið snúrur.

Fest tölu eða perlu á tau með nál og tvinna.

Notað hugtök s.s. fingrapryjón, garðapryjón, útsaumur, vefnaður og þæfing.

Sagt frá ull, hvaðan hún kemur og hvað unnið er úr henni.

Greint á milli nokkurra textílefna í fatnaði s.s. ullarkápuefni, regnfatnaðarefni og finlegra kjólaefni.

Teiknað eða klippt út í pappír einfalda hugmynd að t.d. bangsa eða veski til að prjóna eða sauma.

#### **Virgni og samskipti**

Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru.

Sýnt skólafélögum og starfsfólki virðingu, tillitssemi og kurteisi.

## **Námsmat**

Kennari metur hæfniviðmið í lok annar, í desember eða maí eftir því hvort nemandinn er í textílmennt fyrir eða eftir áramót. Matið birtist á Mentor.

Athugið að ekki eru öll hæfniviðmið metin hverju sinni, heldur velur kennari þau viðmið sem áhersla er lögð á og unnið hefur verið með. Til grundvallar námsmati liggja ýmis verkefni, ástundun og kannanir.